

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa, Nesjavallalína 1.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Grafningshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins með undirskrift sinni þann 29. október 1997, staðfest, skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, sem staðfest var 17. desember 1996.

Breytingin er sú að inn kemur Nesjavallalína 1 (132kV) og efnisnáma í Grafningshreppi.

Fram hefur farið mat á umhverfisáhrifum línunnar og efnisnámu. Úrskurður skipulagsstjóra er frá 23. júlí 1997 og úrskurður ráðherra frá 23. október 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um gildistöku reglna um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í 188. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, að Q-kafla í sameiginlegum flugrekstrarreglum ríkja í Flugöryggissamtökum Evrópu JAR-OPS 1 sem gefnar voru út 22. maí 1995 og fjallar um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna, skuli gilda í flugrekstri íslenskra aðila frá gildistöku auglýsingar þessarar.

Ákvæði reglna þessara í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og skulu teljast viðauki við reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum til fyllingar ákvæðum 4.2.10.3. og 11.1.3.

Með brot á umræddum reglum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1998.

Samgönguráðuneytinu, 11. nóvember 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.